

Félag kvenna í Kópavogi  
Samþykktir

**1. gr.**

Félagið heitir Félag kvenna í Kópavogi. Starfssvæði þess og varnarþing er Kópavogur. Félagið er í Kvenfélagasambandi Kópavogs og því aðili að Kvenfélagasambandi Íslands og Norræna kvennasambandinu NKF og ACWW sem er Alþjóðasamband dreifbýliskvenna.

**2. gr.**

Tilgangur félagsins er að:

1. Stuðla að samvinnu félagskvenna og félagslegri þekkingu.
2. Efla félagslegt starf meðal kvenna í Kópavogi.
3. Vinna að hagsmuna- og réttindamálum kvenna í hvers konar starfi og atvinnurekstri, er horfir til framfaramála, aukinnar menningar og/eða samfélagslegra framgöngu kvenna.
4. Styrkja framgang kvenna og þeirra málefni með fundarhöldum, viðræðum, fyrirlestrum og námskeiðum.
5. Afla fjár til að styrkja og styðja við líknar- og menningarmál.

**3. gr.**

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með:

1. Fræðslu og skemmtisamkomum fyrir félagskonur, aðrar kvenfélagskonur og gesti þeirra.
2. Fyrirlestrum og námskeiðum
3. Umræðu um þau málefni sem félagskonur telja félagið varða.
4. Samtölum við fyrirtæki, sveitafélag og ríki í tengslum við verkefni sem félagið sinnir og telur brýnt hverju sinni.

**4. gr.**

Félagsaðild.

Allar konur, 18 ára og eldri, sem eru tilbúnar að vinna samkvæmt stefnuskrá félagsins, óháð búsetu geta orðið félagar. Inntökubeiðni skal bera fram á félagsfundi og þar fer inntaka fram.

Þær félagskonur einar sem gert hafa upp full skil á félagsgjöldum sínum teljast fullgildir félagar og hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Þær konur sem ekki greiða árgjöld sín til félagsins tvö ár í röð, þátt fyrir að hafa verið minntar á það, falla út af félagsskrá. Konur sem hafa verið virkir meðlimir í kvenfélagi í bæjarfélaginu til margra ára greiði árgjald til 75 ára aldurs og gerast þá sjálfkrafa heiðursfélagar.

**5. gr.**

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Félagsfundir skulu vera að lágmarki fjórir á ári.

**6. gr.**

Aðalfundur félagsins skal haldinn í febrúarmánuði ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mætttra félagsmanna ræður úrslitum mála.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

**7. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum og 2 til vara: formanni, varaformanni, upplýsingafulltrúa, fjármálafulltrúa, viðburðarstjóra og 2 skoðunarmenn reikninga. Formaður og fjármálafulltrúi eru kjörnar til tveggja ára en hinar 5 stöðurnar til eins árs í senn á aðalfundi. Stjórn félagsins ber ábyrgð á fjármálum og samskiptum félagsins. Formaður eða varaformaður boða til funda. Varaformaður er jafnframt umsjónarmaður fjáröflunarverkefna félagsins.

Heimilt er að kjósa allt að 5 sviðsstýrur sem saman með stjórn mynda Aðalstjórn sem stýra nefndum, hópastarfi og ýmsum verkefnum innan sem utan félagsins

**8. gr.**

Ákvörðun um félagsgjald skal ákveða á aðalfundi og greiðist fyrir 1.des ár hvert. Stjórnin boðar til funda og setur þá. Formaður ýmist stjórnar þeim sjálfur eða skipar fundarstjóra. Fjármálafulltrúi innheimtir tekjur félagsins, greiðir reikninga þess í samráði við formann félagsins og færir bók, er sýnir glöggt yfirlit yfir tekjur, gjöld, eignir og skuldir félagsins. Fjármálafulltrúi sér um varðveislu á sjóðum félagsins og ber ábyrgð á þeim ásamt formanni, nema öðruvísi sé ákveðið með sérstökum reglum. Upplýsingafulltrúi bókar fundargerðir og annast önnur ritstörf félagsins, sem formaður kann að fela honum.

**9. gr.**

Útgjöld félagsins skulu greidd úr félagssjóði, nema öðruvísi sé umsamið á hverjum tíma. Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í að styrkja verkefni og starfsemi félagsins í samræmi við tilgang félagsins, í þágu þriðja aðila annarra en félagsmanna sjálfra. Félagið áskilur sér rétt að ráða til starfs konu/r til að sinna verkefnum ef starfsemi og/eða umfang þess kallar á það.

**10. gr.**

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á tveimur aðalfundum með einföldum meirihluta atkvæða á báðum fundum. Sé ákvörðun um slit félagsins tekin og staðfest á seinni aðalfundi

skulu eignir félagsins renna til góðgerðarmála, líknar- eða menningarmála innan  
bæjarfélagsins sem ákveðin verða á sérstökum slitafundi.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins.

Dagsetning: 01 febrúar 2019

Hér koma eiginhandar undirritanir allra stjórnarmanna (og varamanna ef eru kosnir) .

Nöfn og kennitölur.

Brynelis St. Friðgeirsd.	150281-3779
Eva Rún Michélsa	070684-3309
Þorsteinn Guðni	<del>260749319</del>
Harpa J. Hjálmtýsd.	210772-4409
Bryndís Jónsd.	151271-4809
Asta Hjálmtýsdóttir	270566-4489
Kristín B. Viðarsdóttir	140473-3409